



## Jafnlaunastefna Norðurþings

Norðurþing gætir fyllsta jafnréttis við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Allt starfsfólk skal fá greidd jöfn laun og njóta sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf. Skilgreining Norðurþings á launajafnrétti styðst við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

6. gr. Jafnréttislaga kemur eftirfarandi fram:

- Konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.
- Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun.
- Starfsfólki skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef það kys að gera svo.

Fjármálastjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi Norðurþings og að það standist lög varðandi jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Til þess að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Norðurþing sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðalinum ÍST 85:2012 og í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og effirliti. Ef um óútskýrðan mun hjá einstaklingi er að ræða skal bregðast við því strax en ef um óútskýrðan mun er að ræða milli hópa skal leiðrétta það frá og með næstu mánaðarmótum.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta á fundi hlíttni við lög.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsfólki Norðurþings.
- Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á ytri vef fyrirtækisins.

Samþykkt á 137. fundi sveitarstjórnar Norðurþings þann 28.9.2023

